

IPAD-FRÉTTIR

Upplýsingar um það sem er efst á baugi í innleiðingu spjaldtölva

Book creator og Klappland

Nú hefur verið ákveðið að freista þess að ná samningum við Apple um kaup á **Book creator** fyrir nemendur og kennara í Kópavogi.

Book creator er afar vinsælt app og hafa margir kennarar lýst áhuga á að nýta sér fulla virkni greiddu útgáfunnar.

Stefnt er að því að hægt verði að hefja dreifingu fljótlega eftir áramót.

Þá hefur einnig verið samið um tilraunaverkefni með þróun íslensks kennsluapps í Kópavogsskóla. **Klappland** er hlutverkaleikir þar sem nemendur kynnst því hvernig stjórnmál virka. Frumvinna fór fram í Lindaskóla á síðasta skólaári og þótti lofa góðu.

Kauptilboð til nemenda

Fljótlega verður hægt að sækja um að kaupa spjaldtölvur þær sem nemendur í 5.-6. bekk hafa fengið afhentar. Sótt er um á Íbúagátt og verður það kynnt sérstaklega þegar opnað verður fyrir umsóknir. Sömu kjör verða og áður.



Foreldrar tilkynna bilanir og skemmdir á Íbúagátt

Nú hefur verið tekin upp sú regla að ef tjón verður á spjaldtölvu nemanda þurfi foreldri eða forráðamaður að senda tilkynningu um tjónið í gegnum **Íbúagátt** til þess að hægt sé að úthluta annarri spjaldtölvu til nemandans.

Þetta fyrirkomulag mun bæta yfirsýn yfir bilanir og skemmdir og vonandi einnig verða til þess að efla ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart spjaldtölvunum.

Tíðni skemmda á spjaldtölvum nemenda hefur verið í samræmi við væntingar eða um 3% fyrsta árið. Skemmdirnar eru misalvarlegar og stundum hægt að gera við þær en stundum ekki, eins og gengur.

Þegar úthluta þarf annarri spjaldtölvu vegna óhapps fær nemandi oftast spjaldtölvu sem annar notandi hefur skilað inn og hefur verið hreinsuð og yfirfarin.



AirServer

Allir kennarar og nemendur eiga að geta nýtt sér AirServer hugbúnaðinn til að tengja spjaldtölvuna þráðlaust við skjávarpa.

Leiðbeiningar um hvernig þetta er gert má finna hér:

<http://spjaldtolvur.kopavogur.is/media/leikskolar/Smaleidbeiningar-um-hvernig-AIRSERVER-og-spjaldtolvan.pdf>

Ef einhver vandræði eru með að tengjast getur það skýrst af því að spjaldtölvan er ekki á réttu neti.

Í Settings > WiFi er hægt að sjá hvaða þráðlausu net spjaldtölva er tengd við. Til þess að nota AirServer þarf hún að vera á netinu **Kopavogur**.

Ef þetta dugir ekki til er mikilvægt að láta tölvuumsjónarmanninn vita tafarlaust svo hægt sé að kippa þessu í lag.



Starfspróun á samfélagsmiðlum

Kennarar eru hvattir til að nýta sér samfélagsmiðla á borð við Facebook og Twitter til starfspróunar. Til eru ýmsir hópar á Facebook aðrir en sá sem tengist innleiðingu spjaldtölva í Kópavogi, svo sem **Upplýsingatækni í skólastarfi, Spjaldtölvur í námi og kennslu, MenntaMiðja, Smáforrit í sérkennslu og Innleiðing aðalnámskrár**. Þarna er oft miðlað hugmyndum, spurninga spurt og þeim svarað og bent á áhugavert lesefni.

Notkun Twitter meðal íslenskra kennara hefur einnig farið ört vaxandi. Hið mánaðarlega **#menntaspjall** býður upp á faglega umræðu á sunnudagsmorgnum og alltaf ber eitthvað áhugavert þar á góma.

Upplýsingar um helstu öpp geta kennarar fundið á vef spjaldtölvuinnleiðingarinnar, spjaldtolvur.kopavogur.is og sérstaklega skal bent á flippann Leiðbeiningar og tengil þar á uppflöttiritið "Appbókin" - <https://sites.google.com/site/appbokin/>

Annar gagnlegur vefur sem kennsluráðgjafar hafa sett upp er <https://spjaldtolvurblog.wordpress.com/> og inniheldur ýmsan fróðleik og lesefni.